



Grein birt 31. desember 2010

Sigurlína Davíðsdóttir, Björk Ólafsdóttir,  
Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir,  
Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir

## **Leiðbeiningar um innra mat skóla**

### **Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi**

Skólar eru lögum samkvæmt skyldir til að gera innra mat á eigin starfi. Margir þeirra hafa þó átt í erfiðleikum með að uppfylla þessa lagaskyldu. Mikið er til af bókum og öðru lesefni þeim til aðstoðar við þetta verk sem þeir virðast þó eiga erfitt með að nýta enda er það í einhverjum tilfellum of ítarlegt og fræðilegt til að geta talist hagnýtt. Til mikils er að vinna að skólar geti nýtt sér innra mat þar sem það gefur mikla möguleika á að raunverulegum umbótum á starfinu. Sjálfboda-liðateymi frá Íslenska matsfræðifélaginu setti saman hnitmiðaðar leiðbeiningar um gerð innra mats á skólastarfi sem gætu nýst matsteymum innan skólanna til að meta skólastarfið. Hér verður þeim lýst.

Sigurlína Davíðsdóttir er prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, Björk Ólafsdóttir er verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldóra Pétursdóttir er leikskólastjóri í leikskólanum Laufskálum, Helga Dís Sigurðardóttir er nemi, Ólafur H. Jóhannsson er lektor í menntastjórnun við Háskóla Íslands og Sigríður Sigurðardóttir er doktorsnemi við Háskóla Íslands.

**Instructions for internal evaluations: Short instructions for evaluation teams**  
Icelandic schools have been mandated to do internal evaluations of their work. Many of them have had real difficulties responding to this mandate. There is an abundance of books and reading material to help with this task. However, the school evaluation teams seem to have problems utilizing this, as this material tends to be too long and theoretical to be considered practical. It is quite important that schools are able to do internal evaluations, as they have the potential to support real school improvement. A team of volunteers from the Icelandic Evaluation Society put together a short guiding manual on internal evaluation in schools, which ought to be of help for evaluation teams within schools to do their own internal evaluations. This article describes the internal evaluation guiding instructions.

### **Inngangur**

Samkvæmt lögum er íslenskum skólum skylt að meta starf sitt (*Lög um leikskóla* nr. 90/2008, *Lög um grunnskóla* nr. 91/2008 og *Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008). Þetta var gert að skyldu með fyrri lögum um þessi skólastig, frá 1995–1996, en í nýlegum lögum var þessi skylda enn áréttuð. Hér verður gengið út frá því að hægt sé að nota mat til að

bæta skólastarf og efla kennara í starfi. Það er þó háð því að mat sé gert með það í huga að þessi markmið náist sem best. Mikið hefur verið skrifað af fræðilegu efni um mat á skólastarfi en starfsfólk skóla hefur kvartað yfir skorti á hagnýtum leiðbeiningum um framkvæmd innra mats. Af þeim ástæðum voru settar saman leiðbeiningar um innra mat á skólastarfi sem verða kynntar í þessari grein.

Markmið innra mats samkvæmt nýju lögnum eru svohljóðandi:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt þessu er bæði miðað við að skólar beri ábyrgð á að veita upplýsingar um árangur starfsins til helstu hagsmunaaðila og einnig að matið stuðli að umbótum á skólastarfinu. Mjög misjafnt er milli landa hve mikil áhersla er lögð á þessi tvö atriði. Í þeim lögum sem féllu úr gildi við setningu nýrra laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla (*Lög um leikskóla nr. 90/ 2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og Lög um framhaldsskóla nr. 92/ 2008*) var meiri áhersla á umbætur í starfinu en í nýju lögnum, þar sem hert er á skyldu ráðuneytisins og sveitarfélaga (skv. 37. grein laganna) til að gera ytra mat á skólunum.

Grískir rannsakendur (Kyriades, Demetiou og Charalambous, 2006) komust að þeirri niðurstöðu að innra mat í skólum mætti flokka í þrennt eftir því hver áherslan væri:

- a) *Pólítískt ma*, þar sem helstu hagsmunaaðilar í skólastarfinu tækju þátt í matsferlinu samkvæmt lýðræðislegum gildum.
- b) *Ábyrgð* til að sýna foreldrum og samfélaginu í heild vísbendingar um að skattþeningum þeirra væri vel varið.
- c) *Fagleg þróun* sem veitti starfsfólki skólanna kerfisbundna endurgjöf á starf sitt í þeim tilgangi að sýna fram á þörf einstaklinga fyrir faglega símenntun.

Hérlendis var áherslan samkvæmt eldri lögum fyrst og fremst á faglega þróun en nýju löggin færa hana nær ábyrgð skólanna gagnvart ytri hagsmunaaðilum með meiri áherslu á ytra mat. Hvorugt má reyndar vanta til að mat á skólastarfi komi að sem bestum notum.

Fullan (2001) telur að ef breytingar á skólastarfi eigi að ná til langs tíma og vera þýðingarmiklar þurfti þrennt að koma til:

- a) Skólarnir beri sjálfir ábyrgð á framkvæmd breytinga.
- b) Skólarnir séu undir þrýstingi að gera breytingarnar og fái aðstoð við það eftir þörfum.
- c) Skólarnir fái aðstoð eftir þörfum við að þjálfa fólk til að framkvæma breytingarnar.

Ef skólunum er ýtt út í breytingar án þess að nauðsynleg aðstoð sé veitt verði þær skammlífar og grunnar, gerðar með lágmarks vinnuframlagi og breyti sennilega ekki miklu um skólastarfið. Fullan (2001) er einnig þeirrar skoðunar að skólar þurfi að fara í gegnum þrjú stig til að ná fram breytingum sem setja mark sitt á starfið til frambúðar:

- a) Innleiðing þar sem breytingin er kynnt.
- b) Framkvæmd þar sem farið er í gegnum breytinguna.

- c) Stofnunarbreyting þar sem breytingin verður viðtekinn hluti starfsins sem fólk efast ekki lengur um að eigi að vera til staðar.

Hérlendis eru flestir skólar farnir að vinna að innra mati á eigin starfi eins og þeim ber lagaskylda til. Þó er ljóst að þeir eru mjög misjafnlega í stakk búnir til þess. Menntamálaráðuneytið lét gera úttekt árið 2009 á matsaðferðum 59 skóla. Þar kom fram að í 12 skólum voru uppfyllt viðmið ráðuneytisins, bæði um aðferðir og framkvæmd innra mats, í 19 skólum voru viðmiðin uppfyllt að hluta en í 28 skólum voru matsaðferðir ófullnægjandi (Menntamálaráðuneytið, 2009).

Innra mat sem leið til að meta skólastarf hefur gefist misjafnlega. Þannig hafa úttektir menntamálaráðuneytisins leitt í ljós að það hefur ekki alls staðar verið nýtt til úrbóta (Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, 2010a; Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, 2010b; Hrefna Guðmundsdóttir, 2010). Þannig er alls ekki ljóst að innra mat leiði alls staðar til betra skólastarfs. Til dæmis fundu Geert og Verhoeven (2003) að skólar virðast eiga mjög erfitt með að nota gögn sem þeir safna til að gera umbótaáætlanir og enn erfiðara með að koma umbótaáætlunum sínum í framkvæmd. Niðurstöður frá Pang (2000) benda þó til þess, eftir að skoðaðar hafa verið vísbendingar um framfarir í skólastarfi, að innra mat skili betri árangri en ytra mat á skólastarfinu, þó með þeim fyrirvara að notaðar séu árangursríkar aðferðir (Geert og Verhoeven, 2003; Swaffield og MacBeath, 2005). Innra mat getur skilað betra skólastarfi. Meðal þeirra sem hafa komist að þeirri niðurstöðu í rannsóknum sínum á íslenskum grunn- og framhaldsskólum eru Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi (Davíðsdóttir og Lisi, 2007; Lisi og Davíðsdóttir, 2008; Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi, 2006). Þær hafa fundið út að þar sem kennarar bera sjálfir ábyrgð á matinu finnst þeim rökrétt að þeir beri einnig ábyrgð á að breyta ýmsum þáttum skólastarfsins til betri vegar samkvæmt niðurstöðum matsins.

Þeir sem meta skólastarf hafa stundum verið ásakaðir um að viðhalda kerfisstjórnun á skólastarfinu (Johannesson, Lindblad og Simola, 2002; Schwartz og Struhkamp 2004). Samt sem áður hafa margir þeirra sem rannsakað hafa mat á skólastarfi (Fullan, 2001; Lisi og Davíðsdóttir, 2008; Reeves, 2004; Schmoker, 1999; Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi, 2006; Simons, 2002) komist að þeirri niðurstöðu að vel sé hægt að nota mat sem tæki til að ná fram nauðsynlegum breytingum á skólastarfinu og styðja við kennara í starfi þeirra. Hér verður gerð tilraun til að auðvelda skólum að nota mat til umbóta.


## Gerð leiðbeiningabæklings

Íslenska matsfræðifélagið setti saman sjálfboðaliðahóp til þess að búa til stuttar og hnitmiðaðar leiðbeiningar um innra mat á skólastarfi. Forsvarsmaður hópsins setti saman drög að leiðbeiningum sem hópurinn hefur síðan gert athugasemdir við; bætt við köflum, strikað út aðra og lagfært orðalag í textanum. Nú er textinn tíu blaðsíður og vinnublöð fylgja með sem viðbót (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2010).

## Leiðbeiningar um gerð matsins

Matsferlið er hægt að setja upp sem hring eins og sýnt er á *Mynd 1*. Ferlið er hér sett fram sem hringur til að leggja áherslu á að mat er samfellt ferli sem lýkur ekki í eitt skipti fyrir öll heldur er það í stöðugri notkun, ár eftir ár. Þegar búið er meta einhverja þætti skólastarfsins og gera umbótaáætlun þarf væntanlega að meta hvernig til hefur tekist og svara fleiri spurningum sem vaknað hafa meðan á matsferlinu hefur staðið. Þá þarf matsteymið að koma saman að nýju eða mynda nýtt teymi og ferlið fer að stað aftur.

Skólanámskráin er grundvöllur innra mats skólans. Með innra mati er verið að fylgjast með því hvort skólinn nái þeim markmiðum sem sett eru fram í skólanámskránni. Viðfangsefni innra mats ættu að endurspeglja þessi markmið og stefnu skólans.



Mynd 1 – Matsferlið.

### Matsteymi myndað

Fyrsta þrepíð í vinnuferlinu er að mynda matsteymi innan skólans. Æskilegur fjöldi í matsteymi gæti verið á bilinu þrjú til átta eftir stærð skóla. Í teyminu þurfa að vera fulltrúar sem flestra deilda skólans. Einnig þarf að vera þar einn fulltrúi stjórnenda, t.d. aðstoðarskóla-stjóri. Hann ætti þó ekki að stjórna teyminu heldur einhver úr hópi annarra starfsmanna. Reynslan sýnir að þar sem kennarar eða aðrir starfsmenn stjórna teyminu eru bæði þeir og aðrir virkari í starfinu en ella og líklegri til að nýta niðurstöður til að bæta skólastarfið.

### Teymið ákveður matsþætti

Skólastarf er flókið og margþætt þannig að ekki er hægt að taka fyrir nema fáa þætti í einu ef vel á að takast til. Mikilvægt er að byrja með lítið umfang í upphafi þegar kennarar og annað starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Hins vegar er nauðsynlegt að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að innra mat nái til allra sviða skólastarfsins á ákveðnu tímabili, t.d. á þremur til fimm árum. Taka þarf mið af aðalnámskrá, stefnu sveitarfélagsins og gildandi lögum. Eftirfarandi listi gæti gefið hugmynd um helstu þætti sem matið þarf að ná til þegar til lengri tíma er litið:

- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta
- Nám og námsárangur
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf
- Stjórnun
- Viðmót og menning skóla

- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla
- Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaaðgerðir/próunarstarf
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma

Matsteymið raðar matsþáttum á áætlunina og afmarkar með því þau matssvið sem taka á fyrir á hverju skólaári. Sumir þættir eru metnir oft, jafnvel tvisvar til þrisvar á þriggja til fimm ára tímabili, aðrir ekki nema einu sinni. Nám og kennsla er þungamiðjan í skóla-starfinu og því er mikilvægt að innra mat endurspegli það og þeir þættir séu helst metnir árlega með einhverjum hætti. Þegar matssvið eru ákveðin verður að hafa í huga að öll markmið skólanámskrár séu metin með reglubundnum hætti.

### Matsspurningar settar fram

Næsta skref er að setja fram matsspurningar. Hér er ekki verið að tala um hugsanlegar spurningar í spurningalista heldur eins konar rannsóknarspurningar. Tökum dæmi. Ef ákveðið hefur verið að matssviðið sé stærðfræðikennslan í skólanum í framhaldi af breytingum á námskrá í stærðfræði gætu spurningarnar hugsanlega litið út svona:

- Kennurum ber skylda til að framfylgja markmiðum námskrár. Hversu samhljóða þessum markmiðum eru viðhorf kennara og foreldra?
- Hversu viðeigandi finnst kennurum og foreldrum markmiðin í námskránni fyrir aldurstigin eins og þau eru sett fram?
- Hvernig gengur nemendum með mismunandi getu að ná markmiðunum?
- Hvernig gengur kennurum að tileinka sér nýja kennsluhætti í samræmi við námskrá?
- Hvaða viðhorf hafa nemendur og foreldrar til stærðfræðikennslunnar?

Ekki er ráðlegt að leggja af stað með mjög margar matsspurningar. Val á þeim er eiginlega kjarni matsstarfsins og miklu skiptir að þar takist vel til. Þess vegna ætti matsteymið að gefa sér tíma í þetta ferli og líta jafnvel til matsnálgana til að fá hugmyndir að spurningum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

### Viðmið ákveðin

Viðmið eru sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að teljist góður. Að ákveða viðmið strax í upphafi leiðir til þess að mun auðveldara er að túlka niðurstöðurnar. Einnig er hægt að velja viðmið fyrir einstakar matsspurningar. Ef við tökum aftur dæmið um stærðfræðikennslu í grunnskóla gæti verið gott að afla í upphafi upplýsinga um hvað fundist hefur áður við sambærilegar aðstæður eða að ákvarða í starfsmannahópnum hvað væri ásættanlegt viðmið. Ef við gefum okkur að ákveðið hafi verið að minnsta ásettanlega hlutfall ánægðra foreldra væri 75% og síðan reynast aðeins 70% foreldra ánægðir, er það ekki ásættanlegt og nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Þegar viðmið eru valin þarf að vera ljóst að þau endurspegli markmið starfsins og hægt sé að mæla þau á áreiðanlegan hátt. Stundum þarf að leggja mat á huglæga þætti þar sem viðmið eru gildisbundin. Gott getur verið að móta viðmiðin í umræðum milli kennara og annars starfsfólks. Góð hugmynd getur verið að hagsmunaaðilar, svo sem starfsfólk, nemendur og foreldrar, taki þátt í að velja viðmiðin svo að ekki myndist ágreiningur eftir á.

### Gagna aflað

Gagna fyrir mat er hægt að afla með margvíslegum hætti og engin ein aðferð er þar réttari en önnur heldur fer það alfarið eftir matsspurningunum hvaða aðferð á best við. Dæmi um gagnaöflunaraðferðir:

- Fyrirliggjandi gögn úr skólanum, t.d. mætingar, einkunnir, veikindi, skráning á virkni og þátttöku nemenda í ýmsum verkefnum o.fl.
- Skjöl og skýrslur, opinber (manntal, viðveruskrár) og óopinber (fundargerðir, minnismiðar)
- Vettvangskannanir (skoðað hvað gerist, t.d. í skólastofunni eða á leiksvæðinu)
- Kannanir, spurningalistar, vefkannanir (t.d. kannanir sem reglulega eru gerðar á skólastarfi og geta veitt upplýsingar um stöðu skólans)
- Viðtöl, símaviðtöl
- Rýnihópar (viðtal við fleiri en einn í einu, t.d. sex til átta manns)
- Próf (skólapróf, samræmd próf)
- Annars konar mat (ferilmöppur, munnleg próf, tilraunir)

Mikilvægt er á þessu stigi að dreifa ábyrgð meðal matsteymisins þannig að allir beri ábyrgð á gagnaöfluninni, gagnagreiningunni, skýrslugerðinni og gerð umbótaáætlunar.

### **Gögn greind og niðurstöður settar fram: Veikar og sterkar hliðar**

Þær aðferðir sem notaðar eru við að greina gögnin þurfa að vera í samræmi við aðferðirnar sem eru notaðar við að afla þeirra. Fyrst þarf að taka saman það sem komið hefur út úr hverri gagnaöflunaraðferð fyrir sig. Næst þarf að bera niðurstöðurnar saman við viðmiðin. Þá ætti að koma í ljós hverjar eru sterkar og veikar hliðar á því sviði skólustarfsins sem hér var metið. Þetta þarf síðan að taka saman og setja í einhvers konar skýrslu, greinargerð eða minnisblöð. Venjulega er slík skýrsla síðan sett á vefsíðu skólans og kynnt fyrir helstu hagsmunaaðilum, svo sem skólanefnd, starfsfólki, foreldrum og nemendum eftir því sem við á. Þetta má gera með ýmsu móti, til dæmis væri hægt að birta skjákynningu sem væri útbúin vegna kynningar fyrir hagsmunaaðilana. Hugsanleg kaflaheiti í slíkri skýrslu gætu verið: *Inngangur, Markmið og tilgangur matsins; Aðferðir og framkvæmd matsins; Niðurstöður matsins, Samantekt og ábendingar; Umbótaáætlun; Viðaukar* (ef þarf). Gott er að hafa í huga að leitast við að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða en þó eins greinargóða og kostur er.

### **Umbótaáætlun gerð og framkvæmd**

Til þess að árangur náist á þessu þrepi matsferlisins þarf að gera áætlun um það sem gera þarf til að styrkja veiku hliðarnar. Þegar umbótaáætlunin er tilbúin þarf hún að sjálf-sögðu að komast í framkvæmd. Skólastjórinn ber ábyrgð á framkvæmdinni en það er á ábyrgð matsteymisins að fylgja henni eftir.

### **Nokkur orð um siðfræði**

Mat ætti að sjálf-sögðu að vinna samkvæmt viðurkenndum siðferðisviðmiðunum. Bandaríska matsfræðingafélagið (American Evaluation Association, 2004) byggir leiðbeiningar sínar til matsfólks á því að:

- Það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu.
- Það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim.
- Það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku.
- Matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tillit sé tekið hagsmunaárekstra.
- Niðurstöður séu túlkaðar af hógværd.
- Borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu.
- Mismunandi aðstæður fólks séu virtar.
- Borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakenda og almennings.

Matsfólk ætti ævinlega að vera meðvitað um að í matsverkefninu eiga manneskjur í hlut. Það er skylda þess að umgangast þær af virðingu og vitanlega að gæta þess að engin lög séu brotin, sérlega þarf að gæta að því að framfylgja lögum um persónuvernd.

### Hvað svo?

Næsta verkefni matsteymisins er að skoða hvort umbótaáætlunin hafi gengið eftir og hvort hún skipti máli fyrir starfið, hvort veikar hliðar styrkist. Matsteymi skólans þarf að koma saman aftur og fara annan hring til að kanna þetta. Nú verður það hins vegar auðveldara en í fyrra skiptið, fólk þekkir hvernig best er að bera sig að. Og nú er einnig hægt að huga að næsta matssviði.

### Lokaorð

Þar sem skólar eru lögum samkvæmt skyldugir til að meta eigið starf (*Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*) er vonast til þess að stuttar og hnitmiðaðar leiðbeiningar eins og lýst er hér að ofan geti létt þeim verkið. Þar sem mat liggur misjafnlega vel fyrir starfsfólki skóla (Geert og Verthoeven, 2003; Swaffield og MacBeath, 2005) er vonast til þess að stuðningur sem þessi geti gagnast sem flestum. Til mikils er að vinna þar sem fræðimönnum kemur saman um að innra starf skóla hafi verulegan haf af innra mati (Fullan, 2001; Lisi og Davidsdóttir, 2008; Pang, 2000; Reeves, 2004; Schmoker, 1999; Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi, 2006; Simons, 2002). Hér er ekki verið að leggja höfuðáherslu á ábyrgð starfsfólks skóla, þótt vissulega sé hún til staðar, heldur á að bæta faglegt starf í skólanum (Kyriades, Demetiou og Charalambous, 2004). Innra mat á skólastarfi þarf að verða hluti af daglegu lífi í skólanum og alltaf lagt til grundvallar breytingum á skólastarfinu. Þetta er í samræmi við hugmyndir Fullans (2001) um hvernig breytingar á skólastarfi geta leitt til djúpstæðra og langvarandi umbóta eftir að þær eru orðnar hluti af menningu stofnunarinnar. Vonandi skilar vinnan við matið því að kennarar skólans finni að mat er ekki á neinn hátt ógnun við starf þeirra og starfshætti, heldur miklu frekar tæki sem þeir geta notað til að bæta eigið starf og árangur nemenda. Það hlýtur alltaf að vera markmiðið.

### Heimildir

American Evaluation Association. (2004). *American Evaluation Association guidelines for evaluators*. Sótt af neti 8. júlí 2010 af <http://www.eval.org/GPTraining/GP%20Training%20Final/gp.principles.pdf>

Arizona Daily Star. (1994, 21. júlí). „Inner city school pesters, prods pupils onto college,“ bls. A1.

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir. (2010a). *Úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra – unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Reykjavík: Attentus: Mannauður og ráðgjöf.

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir. (2010b). *Úttekt á starfsemi Álfþanesskóla – unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Reykjavík: Attentus: Mannauður og ráðgjöf.

Davidsdóttir, S., og Lisi, P. (2008). Mandating accountability in Iceland schools: Positive results from the use of empowerment evaluation. Fyrirlestur haldinn 28. mars á ráðstefnunni *Research on schools, neighborhoods, and community: Toward civic responsibility*, haldinni af American Educational Research Association í New York.

Davidsdóttir, S., og Lisi, P. (2007). Effects of deliberative democracy on school self-evaluation. *Evaluation*, 13(3), 371–386.

- Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. New York: Teachers College Press.
- Geert, D. og Verhoeven, A. (2003). School self-evaluation – conditions and caveats: The case of secondary schools. *Educational Management & Administration*, 31(4), 403–420.
- Herrmann, J., Höfer, C., og Weisker, K. (2004). *Handbuch zur basisqualifizierung von schulischen Beraterinnen und Beratern für evaluation*. Gütersloh, Þýskalandi: Selbständige Schule.
- Hrefna Guðmundsdóttir. (2010). *Könnun meðal skólustjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla – unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Johannesson, I. S., Lindblad, S. og Simola, H. (2002). An inevitable progress? Educational restructuring in Finland, Iceland and Sweden at the turn of the millennium. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 46(3), 325–338.
- Kyriakides, L., Demetriou, D. og Charalambous, C. (2006). Generating criteria for evaluating teachers through teacher effectiveness research. *Educational Research*, 48(1), 1–20.
- Lisi, P. og Davidsdóttir, S. (2008). Action research and the empowerment of teachers in Icelandic schools. Í K. Rönnerman, E. M. Furu og P. Salo (ritstjórar), *Nurturing praxis: Action research in partnerships between school and university in a Nordic light*, (bls. 75–88). Rotterdam: Sense Publishers.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008*. Reykjavík: Alþingi.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008*. Reykjavík: Alþingi.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*. Reykjavík: Alþingi.
- Menntamálaráðuneytið. (2009). *Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla haustið 2009*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Pang, N.S.K. (2000). Performance indicators and quality assurance. *Education Journal*, 28(2), 137–155.
- Reeves, D. (2004). *Accountability for learning: How teachers and school leaders can take charge*. Alexandria, VA: Association for Supervision and Curriculum Development.
- Schmoker, M. (1999). *Results: The key to continuous school improvement*. Alexandria, VA: Association for Supervision and Curriculum Development.
- Schwartz, C. og Struhkamp, G. (2004). *Does evaluation build or destroy trust?* Kynnt á 6. ráðstefnu European Evaluation Society í Berlin, 30. sept.–2. okt.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólustarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.
- Simons, H. (2002). School self-evaluation in a democracy. Í D. Nevo (ritstjóri), *School-based evaluation: An international perspective*. London: Elsevier Science.
- Swaffield, S. og MacBeath, J. (2005). School self-evaluation and the role of a critical friend. *Cambridge Journal of Education*, 35(2), 239–252.



## Leiðbeiningar um innra mat skóla: Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi



Sigurlína Davíðsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2010).

Leiðbeiningar um innra mat skóla: Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi.

*Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/026.pdf>